| | | 3 | 0 | 0,0% |
| | | 2 | 0 | 0,0% |
| | | 1 | 0 | 0,0% |
| | | 0 - Versta hugsanlega lífið | 0 | 0,0% |
| | | Svara ekki | 0 | — |
| | Strákar | 10 - besta hugsanlega lífið | 3 | 25,0% |
| | | 9 | 2 | 16,7% |
| | | 8 | 4 | 33,3% |
| | | 7 | 0 | 0,0% |
| | | 6 | 2 | 16,7% |
| | | 5 | 1 | 8,3% |
| | | 4 | 0 | 0,0% |
| | | 3 | 0 | 0,0% |
| | | 2 | 0 | 0,0% |
| | | 1 | 0 | 0,0% |
| | | 0 - Versta hugsanlega lífið | 0 | 0,0% |
| | | Svara ekki | 0 | — |

Aðrar niðurstöður úr ÍÆ eru að 96% nemenda í 4. bekk og 89% nemenda í 5. bekk líkar mjög vel eða frekar vel í kennslustundum, 95% nemenda þykir maturinn í skólanum mjög góður eða frekar góður. 27% nemenda í 4. bekk og 20% nemenda í 5. bekk hafa oft eða stundum verið lagðir í einelti í skólanum og er meirihluti þess drengja. Í 4. bekk hafa 4% drengja og stúlkna oft verið lögð í einelti á netinu. Algengara er að nemendur í 4. bekk hafi verið skildir útundan en nemendur í 5. bekk og skiptist það nokkuð jafnt á milli kynja.

Nemendur í 6.-10. bekk eru flestir sammála því að þeim finnist þeir tilheyra í skólanum og er það algengara meðal drengja í öllum árgöngum nema í 7. bekk þar sem allar stúlkur eru

mjög sammála eða sammála því að þeim finnist þær tilheyra í skólanum. Algengara er að drengir upplifi að nemendur fái tækifæri til að hjálpa við að ákveða og skipuleggja skólaverkefni í 8. - 10. bekk. Í 7. bekk er mun algengara að stúlkur upplifi að þær fái það tækifæri en í 6. bekk eru skilin nokkuð jöfn á milli kynja.
Yfir 50% nemenda í 7. og 8. bekk finnst maturinn í skólunum mjög góður eða góður en það mælist undir 50% hjá 6., 9. og 10. bekk.
Yfir 50% nemenda í 10., 8., 7. og 6. bekk stunda skipulagðar hópíþróttir og fáir nemendur í þessum árgöngum stunda félagsmiðstöðvar. 9. bekkurinn sker sig úr hvað það varðar að 41% nemenda stundar hópíþróttir og 29% nemenda stunda félagsmiðstöðvar.
4% nemenda í 9. bekk (bara drengir) hafa verið lagðir í einelti nokkrum sinnum í viku eða einu sinni í viku, 2% nemenda í 8. bekk (bara stúlkur) hafa verið lagðir í einelti einu sinnum í viku, 7% nemenda í 7. bekk (bara drengir) hafa verið lagðir í einelti nokkrum sinnum í viku, einu sinni í viku eða 2 - 3 sinnum í mánuði. 6% nemenda í 6. bekk (drengir og stúlkur) hafa verið lagðir í einelti 2 - 3 sinnum í mánuði og 6% nemenda í 6. bekk hafa verið lagðir í einelti nokkrum sinnum í viku eða einu sinni í viku.

### Styrkleikar

- Nemendum líkar við skólann sinn og finnst þeir tilheyra honum.
- Nemendum finnst gaman í skólanum.
- Lífsánægja nemenda.
- Nemendur treysta kennurum sínum.

### Tækifæri til umbóta

- Veita fræðslu um mikilvægi svefns, næringar og hvíldar.
- Skapa meira næði í kennslustundum.
- Kanna hvað það er sem veldur lífsleiða stúlkna.
- Veita verðandi 5. bekk mikið aðhald.
- Styrkja vináttubönd í öllum árgöngunum.
- Veita verðandi 8. bekk mikið aðhald og styrkja drengi í þeim árgangi.
- Veita nemendum oftar tækifæri til að hafa áhrif á skólastarfið með því að skipuleggja og hjálpa við skólaverkefni.

# Skólapúlsinn

## Um rannsóknina

Nemendakönnunin fer fram í u.þ.b. 40 nemenda úrtökum sem dreift er samhverft yfir skólaárið þar sem fjöldi úrtaka fer eftir stærð hvers skóla fyrir sig. Val spurninga byggir að mestu á rannsóknum á íslenskum PISA gögnunum, kvörðum frá Námsmatsstofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókninni sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar. Valið er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins. Niðurstöður einstakra matsþátta eru í flestum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalníur (e. stanines). Lágmarkssvarhlutfall í hverjum skóla er 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 60% eru niðurstöður ekki birtar og svör nemenda eru ekki tekin með í landsmeðaltalið. Þegar um er að ræða óáreiðanlegan svarstíl eða ósamræmi í svörum eru svör viðkomandi nemanda fjarlægð.

## Nemendur GRV

Skólaárið 2022-2023 var Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur Grunnskóla Vestmannaeyja. Könnunin hófst í nóvember 2022 og lauk í maí 2023, þátttakendur voru 270 og fjöldi svarenda var 244, svarhlutfall var 90,4% (53% drengir og 47% stúlkur), síaðir 6 (sá fjöldi sem kerfið síar frá vegna óáreiðanlegs svarstíls eða of mikils hraða við könnunina). Könnunin mælir 15 almenna þætti sem skiptast í 4 meginflokka; virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsa, skóla- og bekkjarandi og opin svör þar sem nemendur lýsa því sem er sérstaklega gott við skólann sinn og það sem er slæmt og má betur fara.

Þegar rýnt er í svör nemenda má sjá að virkni nemenda er svipuð og almennt gerist á landsvísu. Ánægja af lestri og náttúrufræði er örlítið fyrir neðan landsmeðaltal en áhugi á stærðfræði er á pari við landið og trú á eigin námsgetu er örlítið fyrir ofan landsmeðaltal. Vellíðan nemenda er á pari við landið og tíðni eineltis er mun lægri en mælist á landsvísu.

Samband nemenda við kennara, agi í tímum, virk þátttaka í tímum og tíðni leiðsagnarmats mælist jákvæðari/hærri en á landsvísu.




Á þessari mynd sést hvernig meðaltöl þátttökuskóla dreifast. Meðaltal skólans er merkt með dökkgrænum punkti á myndinni og rauða línan sýnir meðaltal sveitarfélagins.




Þessi mynd sýnir árgangamun meðal svarenda í skólanum samanborið við viðmiðunarhópinn. Niðurstöður fyrir hvern árgang eru birtar þegar lágmarksfjölda er náð.




Á þessari mynd sést hvernig meðaltöl þátttökuskóla dreifast. Meðaltal skólans er merkt með dökkgrænum punkti á myndinni og rauða línan sýnir meðaltal sveitarfélagins.




Þessi mynd sýnir árgangamun meðal svarenda í skólanum samanborið við viðmiðunarhópinn. Niðurstöður fyrir hvern árgang eru birtar þegar lágmarksfjölda er náð.




Þessi mynd sýnir hvernig útkoma árganga á kvarðanum hefur breyst á milli ára. Bláa línan stendur því t.a.m. fyrir þá nemendur sem eru nú í 10. bekk og sýnir hvernig staða þeirra hefur breyst frá 6. til 10. bekkjar, gula línan fyrir þá nemendur sem nú eru í 9. bekk o.s.frv. Til að tryggja persónuvernd eru niðurstöður fyrir tiltekinn árgang ekki birtar ef færri en 2 drengir og tvær 2 stúlkur voru í árganginum.




Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.




Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli mánaða í samanburði við þróunina í sveitarfélaginu í heild.




Þessi mynd sýnir árgangamun meðal svarenda í skólanum samanborið við viðmiðunarhópinn. Niðurstöður fyrir hvern árgang eru birtar þegar lágmarksfjölda er náð.




Þessi mynd sýnir hvernig útkoma árganga á kvarðanum hefur breyst á milli ára. Bláa línan stendur því t.a.m. fyrir þá nemendur sem eru nú í 10. bekk og sýnir hvernig staða þeirra hefur breyst frá 6. til 10. bekkjar, gula línan fyrir þá nemendur sem nú eru í 9. bekk o.s.frv. Til að tryggja persónuvernd eru niðurstöður fyrir tiltekinn árgang ekki birtar ef færri en 2 drengir og tvær 2 stúlkur voru í árganginum.



Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli mánaða í samanburði við þróunina í sveitarfélaginu í heild.



Þessi mynd sýnir árgangamun meðal svarenda í skólanum samanborið við viðmiðunarhópinn. Niðurstöður fyrir hvern árgang eru birtar þegar lágmarksfjölda er náð.

Ef þættirnir sem mæla líðan og heilsu nemenda eru skoðaðir má sjá að nemendum líður frekar vel í skólanum og þeir finna lítið fyrir áhyggjum og stressi. Þó má sjá vísbendingar um lakari vellíðan bæði í desember og mars en í þeim mánuðum, á mið- og unglingastigi, eru uppbrotsdagar þ.e. smiðjudagar og prófadagar.



Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli mánaða í samanburði við þróunina í sveitarfélaginu í heild.



Þessi mynd sýnir árgangamun meðal svarenda í skólanum samanborið við viðmiðunarhópinn. Niðurstöður fyrir hvern árgang eru birtar þegar lágmarksfjölda er náð.

Þegar rýnt er í matsþættina um einelti sést að einelti í GRV mælist minna en almennt gerist á landsvísu, þó sker 7. bekkur sig úr því þar mælist tíðni eineltis meira en almennt gerist á landsvísu. Þá má sjá að tíðni eineltis í GRV mælist minna en í fyrra eða jákvæð breyting á við 4,1% á milli ára.



Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli mánaða í samanburði við þróunina í sveitarfélaginu í heild.



Þessi mynd sýnir árgangamun meðal svarenda í skólanum samanborið við viðmiðunarhópinn. Niðurstöður fyrir hvern árgang eru birtar þegar lágmarksfjölda er náð.

Þegar spurt er um þá staði sem eineltið á sér helst stað nefna nemendur þó nokkra staði; aðeins 6,9% segja á netinu eða GSM (landið 17,9%), 41,4% - frímínútur á skólalóð (landið 37,5%), 10,3% - frímínútur innandyra (landið 23,8%), 27,6% - í kennslustundum (landið 25,7%), 3,4% - í hádegisstund (landið 16,3%), 0% - á leið til og frá skóla (landið 9,6%), 27,6% - í íþróttatímum (landið 13,4%), 6,9% - í búningsklefum (landið 6,8%).  48,3% - annars staðar (landið 24,8%)  og þá bættist við heima, milli tíma, úti með vinum.

Skóla- og bekkjarandi í GRV mælist betri en á landsvísu, samband nemenda við kennara er mjög gott, agi í tímum er mjög góður og betri en á landsvísu og virkni nemenda er góð. Tíðni leiðsagnarmats er einnig mjög góð. Nóvembermælingin stingur þó í stúf við aðra mánuði í könnuninni.



Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli mánaða í samanburði við þróunina í sveitarfélaginu í heild.



Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli mánaða í samanburði við þróunina í sveitarfélaginu í heild.



Þessi mynd sýnir árgangamun meðal svarenda í skólanum samanborið við viðmiðunarhópinn. Niðurstöður fyrir hvern árgang eru birtar þegar lágmarksfjölda er náð.

Í opnum svörum nemenda (219 svöruðu) þar sem þeir nefna hvað er gott við skólann sinn eru margir hlutir nefndir til dæmis:ég fæ hjálp, hann er æði og ég elska kennarann minn, krakkar fá að útskýra hugmyndir sínar. Mér finnst bara allt gott. Ég er góð í mörgum fögum og á margar vinkonur. Gott við skólann hvað við fáum mikinn aðgang að tölvum. Það er einfalt að rata um skólann, matsalurinn er þægilegur og inngangurinn notalegur. Mér finnst gott að það sé ekki mikið einelti eins og í sumum skólum og við erum búin snemma í

skólanum. Að maður getur eignast nýja vini og lært nýja hluti. Bara allir góðir kennarar og góðir tímar og já. Kennarar hugsa um tilfinningar og nám nemenda. Mér finnst næstum allir kennararnir mínir góðir og tveir af þeim eru æðislegir. Vinir mínir eru góðir. Gangaverðirnir eru góðir og leyfa okkur mikið. Starfsfólkið er gott. Krakkakviss er í rosa uppáhaldi og mér finnst gott við skólann að við megum spila það á milli tíma. Prófin góð. Ég á góða vini og það er gott útisvæði.

Í opnum svörum nemenda (211 svöruðu) þar sem þeir nefna hvað er slæmt við skólann sinn og mætti betur fara eru einnig mörg svör, til dæmis: Hávaði, krakkar verða að bæta sig hvernig þeir tala. Allt nám, það er hægt að gera námið skemmtilegra svo er heimavinna tilgangslaus og við eigum ekki að þurfa að þrífa borðin þau eru í vinnu, ekki fáum við borgað er það? Mér finnst slæmt að sumir krakkar eru leiðinlegir við hvern annan. Allt of langar frímó og alltaf sett okkur út í rok og grenjandi rigningu, allt of oft fiskur í matinn allt of langir stærðfræðitímar. Mér finnst ekkert slæmt við skólann minn.

> Það ætti að vera meiri tími til vera einn.Það er ekki verið að virða kennara. Matur ætti alltaf að leyfa 2 í staðinn fyrir bara 1 þegar matur er góður. Það ætti að hugsa meira um það sem krakkar hafa erfitt með í staðinn fyrir að segja "gerðu bara þetta"sem útskýrir ekki neitt. Ég held að það ætti að borga kennurunum meira þeir gera svo mikið fyrir krakka og fá ekki nógu mikið fyrir það. Þegar einhver er að gera eitthvað útaf því aðrir sögðu að það væri "Allt í fína."Þá ætti ekki að vera skamma þau.

- 
- 

## Kveikjum neistann

Rannsóknar- og þróunarverkefnið *Kveikjum neistann* hélt áfram sitt annað ár í GRV. Rannsóknarhópurinn, árgangur 2015, kláraði 2. bekk og nýr 1. bekkur stundaði námið með sömu áherslum og verkefnið gengur út á.
Báðir árgangar voru með stundatöflu sem gekk út á að hafa hreyfingu alla daga og þá snemma að deginum. Hreyfingin er þrisvar í viku í íþróttahúsi en hina dagana í skólanum sem eru þá fastir danstímar og útivera eða hreyfileikir sem umsjónarkennarar sinna. Nemendur fengu þjálfunartíma fjórum sinnum í viku þar sem fjórði kennarinn kom inn í árganginn. Í þeim tímum er lögð áhersla á að allir fái áskorun miðað við hæfni, að öllum nemendum sé mætt þar sem þeir eru staddir einkum í lestrarnáminu en einnig í stærðfræði. Ástríðutímarnir þar sem nemendur gátu valið um þrisvar í viku voru heimilisfræði, textílmennt, smíðar, myndmennt og tónmennt. Almenn ánægja er meðal nemenda þegar

kemur að vali í ástríðutímum en ljóst er að breytinga er þörf varðandi það val sem verður í boði á næsta ári.

Skimað var í báðum árgöngum fyrir hreyfingu, læsi og stærðfræði. Stöðumat í hreyfifærni fer að mestu leyti fram í íþróttahúsinu þar sem nemendur hlaupa eins langt og þeir komast á 6 mínútum, stökkva langstökk og ganga hæl í tá. Fínhreyfingar eru kannaðar í skólanum þar sem nemendur byggja kubbaturn úr legokubbum á tíma. Niðurstöður voru kóðaðar og sendar til rannsakenda.

Stærðfræðiskimun var lögð fyrir nemendur, 1. bekkur tók þá sömu og fyrri árgangur í janúar og maí. Skimunin er bæði skrifleg og munnleg til að gæta jafnræðis.

Eftirfarandi myndir sýna árangur 1. bekkjanna í maí 2023 en nöfnum bekkjanna er breytt:

## 1. E

| Talning 5 | Talning 8 | Talning 11 | Talning 22 | Talnaröð 0-10 | Talnaröð 11-20 | Talnaröð 21-30 | 2+2=4 | 3+5=8 | 12+6=18 | 25+14=39 | 65+7=72 | 5 - 2=3 | 10 - 7=3 | 20 - 6=14 | 54 - 6=48 | 2 x 4=8 | Talnalína | Samtals maí'23-1.bekku | Samtals nóv'23- 2. bekku |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 16 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 14 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 16 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 14 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 16 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 14 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 15 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 16 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 12 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 14 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 12 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | 16 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 17 | |
| 0 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 15 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 17 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | 15 | |
| 15 | 16 | 16 | 16 | 16 | 15 | 15 | 1 | 15 | 12 | 9 | 11 | 16 | 16 | 10 | 2 | 7 | 16 | 14.94 | |

Skriflegi þáttur: 18 stig

| þríhyrningur | hringur | ferhyrningur | Talning 0-30 | Talning afturábak | Hærri talan | Lægri talan | Skráning talna | Samtals maí'23-1.bekku | Samtals nóv'23- 2. bekku |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 8 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 7 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 8 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 7 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 8 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 8 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 1 | 7 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 7 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 8 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 8 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 0 | 6 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 8 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 8 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 8 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 0 | 6 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 8 | |
| 16 | 16 | 16 | 16 | 13 | 16 | 16 | 11 | 7.50 | |

Munnlegi þáttur: 8 stig

## 1 D

| Talning 5 | Talning 8 | Talning 11 | Talning 22 | Talnaröð 0-10 | Talnaröð 11-20 | Talnaröð 21-30 | 2+2=4 | 3+5=8 | 12+6=18 | 25+14=39 | 65+7=72 | 5 - 2=3 | 10 - 7=3 | 20 - 6=14 | 54 - 6=48 | 2 x 4=8 | Talnalína | Samtals maí'23-1.bekkur | Samtals nóv'23- 2.bekkur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 14 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 13 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 18 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | 16 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | 14 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 13 | |
| 0 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 15 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 11 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 14 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 15 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 11 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 14 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 14 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 13 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 1 | 14 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 13 | |
| 15 | 16 | 16 | 16 | 16 | 16 | 14 | 16 | 15 | 13 | 2 | 3 | 14 | 14 | 9 | 4 | 7 | 16 | 13.88 | |

Skriflegi þáttur: 18 stig

| Þríhyrningur | hringur | ferhyrningur | Talning 0-30 | Talning afturábak | Hærri talan | Lægri talan | Skráning talna | Samtals maí'23-1.bekkur | Samtals nóv'23- 2.bekkur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 8 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 1 | 7 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 8 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 7 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 8 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 0 | 6 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 8 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 5 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 1 | 7 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 1 | 7 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 8 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 8 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 8 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 0 | 6 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 8 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 8 | |
| 16 | 16 | 16 | 16 | 10 | 15 | 16 | 12 | 7.31 | |

Munnlegi þáttur: 8 stig

**1 F**

| Talning 5 | Talning 8 | Talning 11 | Talning 22 | Talnaröð 0-10 | Talnaröð 11-20 | Talnaröð 21-30 | 2+2=4 | 3+5=8 | 12+6=18 | 25+14=39 | 65+7=72 | 5 - 2=3 | 10 - 7=3 | 20 - 6=14 | 54 - 6=48 | 2 x 4=8 | Talnalína | Samtals maí'23-1.bekkur | Samtals nóv'23- 2.bekkur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | 15 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 14 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 10 | |
| 0 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 12 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 17 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 12 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 10 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 13 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | 14 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 12 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 18 | |
| 0 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 15 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 18 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 14 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | 13 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 11 | |
| 14 | 16 | 16 | 16 | 16 | 16 | 16 | 16 | 15 | 12 | 6 | 4 | 12 | 10 | 6 | 2 | 9 | 16 | 13.63 | |

Skriflegi þáttur: 18 stig

| Þríhyrningur | hringur | ferhyrningur | Talning 0-30 | Talning afturábak | Hærri talan | Lægri talan | Skráning talna | Samtals maí'23-1.bekkur | Samtals nóv'23- 2.bekkur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 8 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 7 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 8 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 7 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 8 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 8 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 1 | 7 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 7 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 8 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 8 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 8 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 8 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 8 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 8 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 0 | 6 | |
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 8 | |
| 16 | 16 | 16 | 16 | 14 | 16 | 16 | 12 | 7.63 | |

Munnlegi þáttur: 8 stig

Gert er ráð fyrir einföldum prófatriðum sem allir eiga að geta, prófþáttum sem miða við námsefni vetrarins og svo atriðum sem kenndir eru seinna á skólagöngunni, eins og margföldun, til þess að skima líka fyrir þeim sem lengra eru komnir. Við erum mjög sátt með niðurstöður úr báðum árgöngum sem gefa okkur vísbendingar um hvar hver og einn heldur áfram næsta haust.

Skimun 2. bekkjar er hugsuð á sama hátt en prófið var útbúið og kannað í vetur. Í þessari skimun er einungis um skriflega þætti að ræða sem töldu 21 atriði.

Niðurstöður eru eftirafarandi en nöfnum bekkjanna er breytt:

**2. A**

Þessar niðurstöður verða hafðar til hliðsjónar við skipulagningu þjálfunartíma næsta hausts þannig að allir fái áskoranir miðað við færni sem er ein megin áhersla rannsóknarverkefnisins.

Læsisskimanir voru teknar í árgöngunum í september, janúar og maí. Í 1. bekk er aðaláherslan á bókstafi og hljóð og eftir að nemendur hafa náð því er ánægja af lestri meginmarkmiðið. Þess vegna er lesskilningur þjálfaður markvisst sem og ritun sem leið að læsi. 2. bekkur les texta í stöðumatinu sem miðaðir eru við þann stað sem nemendur eru staddir í ferlinu, allt frá að tengja orð við mynd til þess að lesa lengri texta og svara spurningum úr honum. Þyngsta prófið er kallað FULLLÆS í rannsóknarhópnum en meiningin á bak við það er að nemandi geti lesið án áreynslu aldursmiðaðan tetaog skilið hvað í honum stendur. FULLLÆS prófið er samið af rannsakendum með aðkomu prófffræðings og prófað á nemendum í 2. bekk víðsvegar um landið.

Niðurstöður úr læsisskimunum vorið 2023 eru þannig að 98% nemenda í 1. bekk hafa brotið lestrarkóðann þ.e. kunna nánast alla þá bókstafi og hljóð í íslensku stafrófi og geta lesið einföld orð. Írannsóknarhópnum, 2. bekk var markmiðinu um 80% læsi náð en 83% nemenda náði FULLLÆS prófinu, lesa í góðu flæði og skilur það sem þeir lesa.

**Styrkleikar:**

- Allir fá áskoranir miðað við færni.
- Allir fá aukna hreyfingu og helst í byrjun dags.
- Enginn verður útundan í náminu.
- Allir fá að vinna við áhugatengd verkefni.
- Meiri ró yfir skóladeginum.

**Tækifæri til umbóta:**

- Að auka val í ástríðutímum.
- Að auka hreyfingu sem ekki á sér endilega stað í íþróttahúsinu.
- Að viðhalda áhuga og ánægju af lestri.
- Að auka kunnáttu í náttúrufræði.

## Mat á námi og kennslu í GRV

Í skýrslu ytra mats sem framkvæmt var í GRV árið 2022 kom fram að stjórnendum bæri að meta nám og kennslustundir og veita kennurum endurgjöf. Stjórnendur brugðust við því með

því að útbúa gátlista til að fara eftir í athugunum kennslustunda ásamt lista yfir lykilatriði til árangurs í kennslu fyrir kennara. Gátlistinn er fjórskiptur; námsumhverfi, námsvenjur, vinnuvenjur kennara og vinnuvenjur nemenda. Kennarar tóku vel í heimsóknir stjórnenda. Veturinn 2022-2023 fóru stjórnendur inn í 4 kennslustundir á yngsta stigi, 4 kennslustundir á miðstigi og 9 kennslustundir á unglingastigi. Gert er ráð fyrir að þessi vinna haldi áfram næstu skólaár. Mesta áherslan fór á unglingastigið þetta skólaárið. Helstu niðurstöður úr þessum heimsóknum benda til þess að í námsumhverfi nemenda sé jákvætt andrúmsloft, námsgögn og verkefni eru aðgengileg nemendum og upplýsingatækni er nýtt þegar við á. Helstu athugasemdir stjórnenda snúa að upphafi og lokum kennslustunda þar sem helst vantaði var að kennari hefði skipulag tímans og markmið hans sýnilegt t.d. á töflu í upphafi tímans og að tekin væri samantekt í lok tímans og tímanum formlega lokið. Algengt var að kennslustund flosnaði upp í lokin en auðvitað á þetta ekki við allar heimsóknirnar.

**Styrkleikar**

- Jákvætt andrúmsloft.
- Verkefni og námsgögn tiltæk.
- Tæki á mann, auðvelt að nýta tæknina.

**Tækifæri til umbóta**

- Miðla námsmarkmiðum til nemenda í upphafi kennslustunda.
- Ljúka kennslustundum formlega og jafnvel með samantekt.
- Halda áfram að meta kennslustundir og veita kennurum endurgjöf.

## Umbótaáætlun frá síðasta mati

### Skólinn og skólastarfið

| Viðfangsefni | Markmið | Viðmið | Gagnaöflun | Tímarammi | Hvernig gekk? |
|---|---|---|---|---|---|

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **1. Nám og kennsla:** | | | | | |
| **Inntak, árangur og framfarir.**<br><br>**Skipulag náms og námsumhverfis.**<br><br>**Kennsluhættir og gæði kennslu.**<br><br>**Námshættir og námsvitund.** | a)Haldið áfram með nýjar áherslur á læsi og hvernig á að meta læsi.<br><br>b)Lesfimi 3. - 10.. b.<br><br>c)Haldið áfram með aukna áherslu á hreyfingu í upphafi skólastarfs og unnið við að færa á fleiri árganga.<br><br>d)Aukin eftirfylgni á kunnáttu yngstu nemenda í stærðfræði og náttúrufræði.<br><br>e)Aukin vellíðan í skólanum.<br><br>f)Spjaldtölvu-innleiðing. | 80 % nemenda verða læsir í lok 2. bekkjar.<br><br>Meiri einbeiting ungra barna í náminu.<br><br>Að allir fái áskoranir við hæfi.<br><br>Að allir fái að njóta sín, nýta sína styrkleika og líði vel í skólanum.<br><br>Ástríðutímar í anda Kveikjum neistann í fleiri árgöngum.<br><br>Að nemendur og kennarar geti nýtt tæknina til viðbótar í námi sínu og kennslu. | Stöðumat skv. Hermundi.<br><br>Gátlistar frá Hermundi.<br><br>Gátlistar og eftirfylgni. | 2019 - 2023<br><br>2020-2023<br><br>2020-2023<br><br>2022-2023<br><br>2020-2023 | a) 1, og 2, bekkur í stöðumar skv, KN<br><br>b) tekin var ákvörðun um taka út lesferil í 8. - 10. bekk.<br><br>c)gekk vel í 1. og 2. bekk en yfirfærsla á aðra árganga gekk ekki eftir.<br><br>d)gekk vel í stærðfærði en mat í náttúrufræði hefur setið á hakanum.<br><br>e)samkv. Skólapúlsi hefur vellíðan nemenda staðið í stað eða aukist.<br><br>f)innleiðingarferli lokið, hefur gengið vonum framar. |
| **2. Stjórnun og skipulag:** | | | | | |
| **Faglegt starf.**<br><br>**Skólaþróun og starfsþróun.** | a)Aukin áhersla á faglegt starf.<br><br>b)Þróunarverkefni Kveikjum neistann og spjaldtölvuinnleiðing. | Meiri endurmenntun á vegum stofnunarinnar.<br><br>Ástríðutímar í anda Kveikjum neistann í fleiri árgöngum.<br><br>Að nemendur og kennarar geti nýtt tæknina til viðbótar í námi sínu og kennslu. | Eftirfylgni. | 2022-2023<br><br>2022-2023 | a)Endunmenntun á vegum Vestmannaeyjabæjar var rýr.<br><br>b)Spjaldtölvuinnleiðingin og Kveikjum neistan ganga samkvæmt áætlun og hafa aukið faglegt starf. |
| **3. Innra mat:** | | | | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Framkvæmd innra mats.**<br><br>**Umbótastarf í kjölfar innra mats.** | a)Funda 2x á hvorri önn með teymi.<br><br>b)Bregðast við mælingum og útkomu úr m.a. þróunarverkefnu m. | Fara yfir það sem verið er að mæla og fá ábendingar frá teymi. | | 2019-2023<br><br>2019-2023 | a) færri fundir en áætlað var, búið að fara yfir mælingar.<br><br>b) tekið mið af mælingum í næstu umbótaáætlun. |
| **4. Mannauður:** | | | | | |
| **Fagmennska starfsfólks og endurmenntun.**<br><br>**Starfsánægja, aðbúnaður og líðan á vinnustað.** | a)Aukin áhersla á faglegt starf.<br><br>b)Unnið markvisst að gæðakennslustu ndum.<br><br>c)Bregðast við niðurstöðum skólapúlsins. Virkja starfsmannafélag | Fleiri námskeið á vegum stofnunarinnar.<br><br>Að stjórnendur sitji kennslustundir hjá kennurum | Samtal og endurgjöf út frá gátlista. | 2021-2023<br><br>2021-2023 | a)Endunmenntun á vegum Vestmannaeyjab æjar var rýr.<br><br>b) enn i gangi, kennslustundir á unglingastigi helst skoðaðar í ár.<br><br>c) Brugðist við jafnóðum. Öflugt fólk tók við starfsmannaféla ginu og hefur það verið virkt. |
| **5. Skólabragur:** | | | | | |
| **Velferð og líðan nemenda.** | a)Aukin áhersla á hreyfingu í anda Kveikjum neistann. Aukin áhersla á ástríðutíma í anda Kveikjum neistann.<br><br>b)Bregðast við niðurstöðum skólapúlsins. | Að nýta afurð Menntarannsóknarinn ar Kveikjum neistann í fleiri árgöngum. | Nýta upplýsingar úr könnunum Hermundar.<br><br>Nýta upplýsingar úr Æskulýðskön nun sl. skólaárs.<br><br>Nýta upplýsingar úr Skólapúlsi. | 2021-2023 | a) á við 1. og 2. bekk og hefur gengið mjög vel.<br><br>b)brugðist við jafnóðum. |

## 1. Nám og kennsla

**a)** Haustið 2021 hófst þátttaka GRV í menntarannsókninni *Kveikjum neistann*. Með verkefninu breytast áherslur í námi barna og skipulag skóladagsins. Nemendur núverandi 2. bekkjar taka þátt í rannsókninni sem nær yfir alla þeirra skólagöngu en árgangarnir sem

koma á eftir munu fylgja breyttum áherslum þar sem vel gengur. Nánar er fjallað um verkefnið hér að ofan.
**b)** Fjallað var um Lesferil í 3.-7. bekk hér að ofan. Tekin var ákvörðun haustið 2022 um að taka út lesferil á unglingastigi. Þar verður lögð aukin áhersla á framsögn nemenda, að nemendur nái að viðhalda hraða og eftirfylgni kennara.
**c)** Gekk vel í 1. og 2. bekk en yfirfærsla á aðra árganga gekk ekki eftir.
**d)** Eins og fram kom í umfjölluninni um KN ofar þá gekk þetta vel í stærðfræðinni en mat í náttúrufræði hefur setið á hakanum.
**e)** Samkvæmt Skólapúlsi og Íslensku Æskulíðsrannsókninni er líðan nemenda í GRV góð.Okkur langar að koma til móts við alla nemendur þar sem þeir eru staddir og vinna skv. skóla án aðgreiningar. Búið er að koma á fót verkdeild á mið- og unglingastigi fyrir þá nemendur sem höndla ekki alltaf hefðbundna bekkjartíma með það að markmiði að auka félagsfærni þeirra. Verkdeild hefur verið starfrækt á yngsta stigi í vetur og hefur gengið vel. Nemendur eiga þar gott athvarf, sumir eru eingöngu í verkdeild en aðrir eru þar í einstaka kennslustundum.
**f)** Spjaldtölvuinnleiðing hefur nú verið í þrjú ár í GRV. Markmiðinu um eitt tæki á mann hefur verið náð; nemendur í 1. - 7. bekk eru með Ipad og unglingadeildin er með Chromebook tölvur og í ár hafa nemendur í 8. bekk verið með tvö tæki á mann, Ipad og Cromebook tölvu. 9. og 10. bekkur hefur auk Chromebook haft eitt bekkjarsett af Ipödum til umráða. Góð eftirfylgni hefur verið frá innleiðingarteymi með örnámskeiðum og beinni kennslu í kennslustundum. Með spjaldtölvunum höfum við getað einstaklingsmiðað námið enn frekar með kennsluöppum eins og Evolytes þar sem hver og einn er með áskorun miðað við færni.

## 2. Stjórnun og skipulag

**a)** Endunmenntun á vegum Vestmannaeyjabæjar var rýr.
**b)** Spjaldtölvuinnleiðingin og Kveikjum neistann ganga samkvæmt áætlun og hafa aukið faglegt starf.

## 3. Innra mat

**a)** Farið var yfir þær mælingar sem tiltækar voru með innra mats teymi.
Deildarstjórar halda utan um teymið og halda hinum meðlimum upplýstum um hvað á sér stað og taka við ábendingum.
**b)** Tekið verður mið af mælingum þessa árs fyrir næstu langtíma og skammtímaáætlun sem og í næstu umbótaáætlun.

### 4. Mannauður

**a)** Endunmenntun á vegum Vestmannaeyjabæjar var rýr.
**b)** Skv. ytra mati eiga stjórnendur að vera markvisst í kennslustundum hjá kennurum og veita endurgjöf. Búið er að samræma gátlista og hafa stjórnendur, einkum á mið- og unglingastigi heimsótt kennslustundir, kennslustundir á unglingastigi helst skoðaðar í ár.
**c)** Brugðist var jafnóðum við niðurstöðum skólapúlsins. Öflugt fólk tók við starfsmannafélaginu þetta skólaárið og hefur það verið vel gert og vel virkt.

### 5. Skólabragur

**a)** Á við 1. og 2. bekk og hefur gengið mjög vel.
**b)** Lögð var fyrir könnun Skólapúlsins meðal nemenda, sjá niðurstöður ofar í skýrslunni.

## Lokaorð

Hér hafa verið teknir saman þeir þættir innra mats sem metnir voru skólaárið 2022-2023. Fjögurra ára áætlun er hér með lokið og ný langtíma og skammtíma áætlun verður mynduð í haust 2023 með innra mats teymi skólans.
Helsti styrkleiki GRV er að almennt virðist nemendum og starfsfólki í GRV líða vel samkvæmt öllum könnunum sem er farið yfir hér að ofan en þó er áhyggjuefni slæm líðan nokkurra stúlkna samkvæmt ÍÆ. Helstu tækifæri til umbóta hvað varðar starfsfólk eru kynningar á stefnum og áherslum skólans sem og símenntun og viðhalda því góða starfi sem starfsmannafélagið hefur staðið fyrir í vetur. Helstu tækifæri til umbóta hvað varðar nemendur er aukið nemendalýðræði ásamt betra upplýsingaflæði um námsframvindu þeirra og auka þar með ánægju þeirra í námi.

Bestu kveðjur,
Ásdís Steinunn, Rósa Hrönn og Svanhvít,
deildarstjórar í GRV